



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. P 136/337  
komudagur 5.12.2008

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5. desember 2008

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um takmörkun á losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti, 29. mál**

Samkvæmt ályktuninni verður ríkisstjórninni falið að setja umhverfismörk fyrir leyfilegum hámarksstyrk brennisteinsvetnis,  $H_2S$ , í andrúmslofti. Samhliða þessu verður ríkisstjórninni falið að efla rannsóknir á losun  $H_2S$ , með því m.a. að tryggja að fram fari ítarlegri mælingar á magni þess í andrúmslofti og á fleiri stöðum. Ríkisstjórninni verður jafnframt falið að tryggja að  $H_2S$  verði hreinsað úr útblæstri jarðgufuvirkjana og að notuð verði besta fánleg tækni til að farga eða nýta brennisteinsvetni svo að umhverfi, lífríki og heilsa fólks hljóti engan skaða af, eins og segir í tillögunni.

Líkt og fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur Orkuveita Reykjavíkur þegar hafið tilraunir með slíka hreinsun og sýnir fyrirtækið mikinn metnað í að ná árangri á þessu sviði, þótt engar sérstakar vísbendingar séu um brýna þörf á slíkri hreinsun. Önnur íslensk orkufyrirtæki munu eflaust fylgja í kjölfarið ef ástæða þykir til og viðráðanlegar lausnir eru í sjónmáli. Samorka telur hins vegar ekki brýna þörf á séríslenskri reglusetningu um þessi atriði. Verði sú leið farin að binda ofangreind atriði í lagaramma, þá er hins vegar lögð áhersla á mikilvægi þess að um verði að ræða alþjóðlegar eða samevrópskar reglur og viðmið, reynist slíkt fyrir hendi. Varast ber að búa íslenskum orkufyrirtækjum sérstakt regluverk sem önnur sambærileg fyrirtæki þurfa ekki að hafa til hliðsjónar í samkeppnislöndum. Það sem mestu skiptir auðvitað í þessu sambandi er að almennt er losun óæskilegra efna í andrúmsloftið algerlega hverfandi hjá íslenskum orkufyrirtækjum, í samanburði við flest ef ekki öll lönd sem við berum okkur saman við. Við hljótum að vera stolt af þeirri sérstöðu.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri